


Par sem eldurinn aldrei deyr. 1978-79. Ull (með krapprót) og hrosshár, 140 x 216, 93 x 77. Norræni menningarmálasjóðurinn.



Gat verið krefjandi starf en

„Mörg þessara verka hef ég ekki séð lengi,“ segir Ásgerður Búadóttir, veflistakonan kunna, þegar hún flettir nýrri bók sem var að koma út um feril hennar en í bókinni eru myndir af hennar kunnustu veftum. Ásgerður lagði ekki stund á vefnað í skóla en gerði miðilinn engu að síður að sín- um, á persónulegan hátt.

Myndlist

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbi.is



É g er bara alveg undrandi á því hvað ég hef unnið mikið,“ segir Ásgerður Búadóttir veflistakona, lítur upp úr bókinni sem hún er að fletta, og hlær. Hún er nýbúin að fá í hendurnar eintak af þessari veglegu bók, *Veftir*, sem kom út í vikunni og fjallar um langan feril hennar sjálfrar. Ásgerður er einn markverðasti og kunnasti veflistamaður þjóðarinnar.

„Mörg þessara verka hef ég ekki séð lengi. Þau líta bara nokkuð vel út,“ segir hún.

Ásgerður verður nírað á næsta ári og er heiðurslaunaþegi alþingis. Hún lagði vefstól sínum fyrir nokkrum árum en var virk í sýningarhaldi fram undir aldamótin. Vefti Ásgerðar, en það heiti notar hún yfir vefina, má sjá víða á opinberum stöðum, í söfnum og stofnunum, en mörg verkanna eru einnig í einkaeigu.

Þegar við drukkum kaffi saman í vikunni rifjaði hún upp árin í Handíða- og myndlistaskólanum.

„Það voru góðir strákar með mér í skólanum, Karl Kvaran og fleiri. Ég hef nú oftast verið hógvær fyrir hönd verkanna mínna, og það hefur ágerst, en ég var líklega bara nokkuð ánægð með mig þegar ég var ung, ég fann vel hvað ég gat,“ segir hún.

Það er býsna merkilegt hvernig ferill Ásgerðar þróast. Hún nam aldrei vefnað, heldur fór í framhaldsnám í málaradeild við listaakademíu í Kaupmannahöfn. Hún kenndi síðan teikningu áður en hún fann sér farveg í vefnaðarlistinni, grein sem hafði ekki verið sinnt í listrænum skilningi hér. Ásgerður segir að hinn áhrifamikli kennari Kurt Zier hafi haft mikil áhrif á þá ákvörðun hennar að feta þessa braut.

„Kurt Zier ýtti við mér,“ segir hún. „Hann var mjög áhugasamur um vefnaðinn og hafði mikil áhrif á mig sem kennari.“

Fyrirmyndir metnaðarfulls vefnaðarlistamanns voru



Morgunblaðið/Einar Falur Ingólfsson

„Ég varð að halda áfram,“ segir Ásgerður Búadóttir.



Margvíslegir eiginleikar

Veftir nefnist ný og glæsileg bók um feril Ásgerðar Búadóttur (f. 1920) sem Uppheimar gefa út. Ritstjóri bókarinnar og meginhöfundur er Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur en Guðbergur Bergsson ritar formála.

Í bókinni er rakinn ferill Ásgerðar frá skólaárunum í Handíða- og myndlistaskólanum á fimmta áratug liðinnar aldar, og allt þar til hún settist í helgan stein. Birtar eru myndir af 58 verkum listakonunnar, sem hún kallar vefti, og að auki fjöldi teikninga frá námsárum hennar.



Sambland af málverki, höggmynd, lágmynd og minnisvarða

Í formála sínum, „Ásgerður Búadóttir og tíminn“, rifjar Guðbergur upp fyrstu kynni sín af listakonunni. „Seinna gerði ég mér grein fyrir, vegna áhuga á vefnaði,“ skrifar hann, „að engum hefur tekist jafn vel og henni með sérstöku handbragði að sameina í vefnaði margvíslega eiginleika myndverksins: efnið, litina, formið og innihaldið. Þetta í sameiningu verður hjá henni ofin myndheild, sambland af málverki, höggmynd, lágmynd og minnisvarða.“


Ásgerður nam við Handíða- og myndlistarskólann á árunum 1942-26 og var við málaraðild Vilhelms Lundström við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn árin 1946-1949. Hún kenndi teikningu í upphafi sjötta áratugarins og hóf að vefa fyrir alvöru árið 1952. Árið 1956 hlaut hún gullverðlaun á 8. Alþjóðlegu list- og handverksýningunni í München fyrir vefnað. Frá því snemma á sjöunda áratugnum hélt hún reglulega einkasýningar, auk þess að taka þátt í fjölda samsýninga, hér heima og erlendis.

„Ásgerður Búadóttir er einn ferskasti og markverðasti myndlistarmaður þjóðarinnar ... verk hennar búa yfir safi og vaxtarmagni sem hafið er yfir tíma og rúm,“ skrifaði Bragi Ásgeirsson gagnrýnandi Morgunblaðsins um sýningu hennar í Listasafni Íslands árið 1994.




Bláin. 1981. Ull og hrosshár, 134 x 115 cm. Einkaeign.

Í hrosshársverkunum var ég komin með mitt. Það fannst mér takast vel. Ég sýndi oft erlendis og var mikið spurð út í hrosshárið.



Þöll II. 1965. Ull, 125 x 51 cm. BSRB Munaðamesi.



Haustró. 1994. Ull og hrosshár, 123 x 115 cm. Einkaeign.

ég var alltaf ánægð

ekki á hverju strái. „Við fórum til Frakklands þar sem ég sá franskan vefnað en hann var allt annars eðlis en það sem ég var að gera. En ég kynntist snjöllum norrænum konum sem voru að fást við svipað og ég.“

Aðalsteinn Ingólfsson segir í bókinni að Ásgerður hafi á námsárunum orðið afhuga málverkinu, það hafi verið hætt að svara kalli tímans. „Það lá einhvern veginn í loftinu að olúmálverkið hafði ekki lengur hlutverki að gegna; að þeir viðsjálu tímar sem fylgdu í kjölfar heimsstyrjaldarinnar krefðust annarra viðhorfa.“

Þurfti að leita innra með mér eftir lausnum

Ásgerður segir að efniskennndin hafi verið eitt af því sem dró hana að vefstólnum. „Stundum stóð ég svo við vefinn og hugsaði: hvað á ég eiginlega að gera næst? Ég hafði ekki lært það,“ segir hún og brosir. „Þá þurfti ég að leita innra með mér eftir lausnum. En þetta kom allt.“

Ásgerður hlaut gullverðlaun árið 1956 á alþjóðlegri list- og handverkssýningu í Þýskalandi, fyrir eitt af fyrstu verkunum sem hún óf, fígúratíft verk.

„Ég vildi helst henda þessu verki,“ segir hún og horfir yggld á svip á mynd af því. „Ég var hér komin í eitthvað sem hentaði mér ekki.“

Eftir þetta varð myndgerð verka Ásgerðar óhlutbundin og hún segir að í því efni hafi vinir sínir og félagar frá skólaárunum að vissu leyti vísað veginn. Hún bendir á verk frá 1961 þar sem hún segist vera farin að ná því sem hún sóttist eftir í miðlinum.

„Við Sigvaldi Thordarson arkitekt skiptumst á verkum. Hann fékk þetta verk frá mér og ég fékk teikningar að húsinu okkar í Karfavoginum,“ segir hún. „Þetta er eitt fyrsta verkið þar sem ég er að fara af alvöru inn í vefinn, miðillinn er farin að taka ráðin af mér.“

Verklag Ásgerðar var þannig að hún gerði fyrst skissur og vann síðan á maskínupappír á gólfinu stærri skissu í sömu stærð og hún ætlaði verkinu að vera. Hún var síðan iðulega um tvo mánuði með hvert verk í vefstólnum.

„Þegar ég var byrjuð á verki var ekki hægt að bakka. Ég varð að halda áfram – eða henda verkinu og það gerði ég stundum. Þannig varð það að vera.“

Ég þurfti því eiginlega alltaf að hugsa verkið frá upphafi til enda.“

Ásgerður fór smám saman að vinna meira með þríviðdaráhrif í vefnaðinum, fyrst með röggvavef, rýja, sem hún notaði allt til 1967 er hún uppgötvaði hrosshárið sem efnivið, en hún litaði hárin og felldi í vefina.

„Í hrosshársverkunum var ég komin með mitt. Það fannst mér takast vel. Ég sýndi oft erlendis og var mikið spurð út í hrosshárið.“

Hún bætir við að þegar breytingar hafi orðið á nálgun og tækni hafi það gerst smám saman, það hafi komið af sjálfu sér. Hún hafi þó alltaf skoðað verk annarra, til dæmis á vefnaðartvíeringnum í Lausanne í Sviss sem hún sótti reglulega. Ásgerður segist einnig hafa orðið fyrir áhrifum af og unnið út frá náttúrunni. Verkið „Þar sem eldurinn deyr“ sé þannig unnið út frá Kröflueldum sem loguðu á þeim tíma. „Ég hef alltaf verið áhrifagjörn á þann hátt og þarna fylgdist ég vel með fréttum, því sem var að gerast við Kröflu. Eldar loguðu og það fór svona inn í mig.“

Ásgerður hefur átt glæsilegan feril, eins og bókin sýnir, en það var oft erfitt að samhæfa listsköpunina og heimilishaldið, segir hún. „Það var oft erfitt að finna tíma í verkið. Ég átti þrjú börn og var með drykkjumann á heimilinu. Það var oft erfitt.“

En veflistin var hennar form. „Þetta gat verið krefjandi starf en ég var alltaf ánægð í því,“ segir hún.